

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingu, og fjárlög fyrir árið 2017 hefur ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

- a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**
- | | |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS veitna | 5,44 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 7,89 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 5,79 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar | 5,12 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli | 7,75 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli | 5,12 kr./kWst., |
| á veitusvæði Veitna ohf. | 5,85 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku | 4,86 kr./kWst. |
- b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**
- | | |
|-------------------|-----------------------------|
| RARIK | 3,90 kr./kWst., |
| Orkubú Vestfjarða | 3,68 kr./kWst., |
| HS veitur | 134,40 kr./m ³ . |
- c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2017, hefur ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. október 2017.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. október 2017.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.